

Námsvísar 2021-2022

Fag: Smíði og textílmennt (listasmiðja)

Kennarar: Áslaug Inga og Hrefna Ósk

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir

Bekkur: 1. og 2. bekkur

Kennsluáferðir og skipulag:

Smíði og textílmennt í 1. - 2. bekk fléttast saman og kallast listasmiðja og kennt er í bekkjarstofu. Nemendur vinna einfalda hluti úr ólíkum efnum og þjálfva verkfærni. Leitast er við að laða fram frumkvæði og sköpunargleði með verkefnum sem lögð eru fyrir. Í listasmiðju er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki, sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra og nái að tengja þannig saman hug og hönd. Sýnikennsla er notuð til að kynna nýja verkfærni. Nemendur taka þátt í umræðum um tækni, nýtingu efnis og vernd umhverfis.

Námsmat: Leiðsagnarmat er yfir annirnar þar sem unnið að ákveðnum hæfniviðmiðum aðalnámsskrár.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none">• beitir réttri líkamsstöðu við vinnu sína.• nýtir styrkleika sína í vinnu.• gætir öryggis síns og annarra í meðferð efna og áhalda.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none">• sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum.• tekur tillit til skoðana annarra og verka.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none">• kemur fram við aðra af tillitssemi og virðingu.• ber virðingu fyrir eigin gildismati og annarra.
Læsi	<ul style="list-style-type: none">• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast þeim.

	<ul style="list-style-type: none"> • er læs á mismunandi listform. • er læs á tækni og getur nýtt sér leiðbeiningar við hönnun og sköpun.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • notar leiðbeiningar á sjálfstæðan hátt við vinnu sína. • sýnir frumkvæði og sjálfstæði og tekur virkan þátt í verkefnum. • þróar með sér gagnrýna hugsun og nýtir hana á uppbyggilegan hátt. • tileinkar sér nýtni og nægjusemi.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • sýnir frumkvæði og nýtir á skapandi hátt. • nýtir hæfileika sína á skapandi hátt.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið Nemandi getur:	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
Handverk, aðferðir og tækni	<ul style="list-style-type: none"> • Textílmennt. Vefur inn á mms.is http://vefir.mms.is/textilmennt/index.htm • Smíðaverkefni 1.-4. bekkur. Rafbók á vef mms.is https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/smidi/ 	<ul style="list-style-type: none"> • valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt. • unnið eftir einföldum leiðbeiningum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hópinnlagnir og umræður. • Sýniskennsla sem að mestu er einstaklingsbundin og í samræmi við verkefni nemenda. 	Leiðsagnar-, símat og sjálfsmat.

Sköpun, hönnun og útfærsla	<ul style="list-style-type: none"> • Hugmyndir fengnar af pinterset. • Efni frá kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> • dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. • unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. • framkvæmt einfaldar samsetningar. • skreytt textílvinnu á einfaldan hátt þegar við á. 		
Menning og umhverfi		<ul style="list-style-type: none"> • sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með. • beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar. 		